

Minnisblað um *Inclusive Integration Policy Lab* í Helsinki dagana 28. - 29.maí 2019


Þann 28.maí 2019 mætti Joanna Marcinkowska, fulltrúi mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, á ráðstefnunna *Inclusive Integration Policy Lab* sem haldin var í Helsinki af Ráðgjafanefnd nánar tiltekið *Advisory Board for Ethnic Relations at the Ministry of Justice*, í Finnlandi.

Rúmlega 30 manns tóku þátt í ráðstefnunni og voru þar á ferð fulltrúar sveitafélaga, ríkis, grasrótarfélaga og fræðimenn á sviði „interculturalisma“. Markmið fundarins var að þróa stefnumótun í samþættingu (*inclusive integration*) með þátttöku allra sem slík stefna hefur áhrif á. Má þar nefna fulltrúa stofnana sem vinna að aðlögun innflytjenda og fulltrúa borga sem eiga aðild að *Intercultural Cities* tengslanetinu.

Á fyrsta degi farið var yfir aðaláherslur stefnumótunarinnar en þær eru jafnrétti, fjölhyggja, þýðingarmikil gagnvirkni og virk borgarréttindi. Það sköpuðust svo að hópurinn náði ekki að fara yfir allt sem stóð til. Umræður hópsins voru hins vegar mjög áhugaverðar og fræðandi. Næsti fundur verður haldinn í haust. Áætlað er að heildarskjal verði tilbúið árslok og þá verði hægt að kynna það.

Vinna að leiðbeiningunum byrjaði í 2017.

Hópur fékk líka kynningu um *Advisory Board for Ethnic Relations* sem heyrir undir finnska Dómsmálaráðuneytið. Nefndin er ráðgefandi fyrir alla ríkisstofnanir í málefnum innflytjenda á mörgum stigum stjórnsýslu hvort sem er við stefnumótun, ákvörðunartöku og fyrir stjórnmalahreyfingar. Á mynd 1 sést hvernig ráðgjafanefndin starfar.



Mynd 1 Advisory Board for Ethnic Relations

Á öðrum degi farið var í námsferð til Vantaa sem er borg ekki ósvipuð Reykjavík rétt hjá Helsinki. Þátttakendar ráðstefnunnar fengu almenna kynningu um borgina sem aðstoðarborgarstjóri flutti og á eftir honum ræddi sérfræðingur í almannatengslum um áherslur borgarinnar á fjölmenningu og alþjóðlegt samstarf.

Á endanum farið var í heimsókn til grasrótafélag erlenda kvenna á Finnlandi, Naapuritit (Nice hearts) og sagt frá verkefni sem kallast Neighbourhood mothers (Hverfismæður) sem er jafningjaráðgjöf fyrir erlendar konur í Finnlandi.